

## Launakostnaður 2012

### Labour costs 2012

*Samantekt* Árið 2012 var hlutfall launa 79,8% af launakostnaði á móti 20,2% hlutfalli annars launakostnaðar en launa. Launagreiðendur bera ýmsan annan launakostnað en beinar launagreiðslur til starfsmanna sinna. Árið 2012 var stærstur hluti þessa kostnaðar vegna mótframlags launagreiðenda í lífeyris- og séreignasjóði eða 9,6% af launakostnaði.

Milli árána 2008 og 2012 hefur samsetning launakostnaðar breyst og hlutfall annars launakostnaðar en launa aukist. Skýrist það helst af því að launagreiðslur í formi eingreiðslna lækkuðu og tryggingagjald hækkaði. Árið 2008 voru eingreiðslur 4,8% af launakostnaði en árið 2012 voru þær 2,4% og munar mest um breytingar á eingreiðslum í fjármálastarfsemi. Þá hækkaði hlutfall tryggingagjalds af launakostnaði úr 4,9% í 7,0% sem skýrist að mestu af breytingum á atvinnutryggingagjaldi sem er hluti af tryggingagjaldi.

Hlutfall annars launakostnaðar en launa var hæst í heilbrigðis- og félagsþjónustu eða 22,3% árið 2012 en lægst í byggingarstarfsemi eða 17,5%. Hátt hlutfall annars launakostnaðar í heilbrigðisþjónustu skýrist meðal annars af háu mótframlagi launagreiðenda í lífeyrissjóð og háu hlutfalli veikindafjarvista en veikindafjarvistir, sem hlutfall af launakostnaði, voru mestar í þeirri atvinnugrein. Í byggingarstarfsemi var minna um veikindi en í flestum öðrum atvinnugreinum.

Rannsókn á launakostnaði á Íslandi byggir á niðurstöðum úr Labour Cost Survey sem er rannsókn sem Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, stendur fyrir og eru gögn fengin úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Rannsóknin er framkvæmd á fjögurra ára fresti og er ætlað að veita upplýsingar um launakostnað og samsetningu hans í einstökum atvinnugreinum.

### Rannsókn á launakostnaði

*Rannsókn á launakostnaði*

Rannsókn á launakostnaði á Íslandi byggir á Labour Cost Survey sem er rannsókn sem Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, stendur fyrir. Rannsóknin er framkvæmd á fjögurra ára fresti og er ætlað að veita samanburðarhæfar upplýsingar um launakostnað og samsetningu hans í einstökum atvinnugreinum innan ríkjanna. Í rannsókninni er jafnframt safnað upplýsingum um fjölda starfsmanna og vinnutíma. Árið 2012 er nýjasta viðmiðunarár rannsóknarinnar og eru niðurstöður birtar á vef Eurostat í heild sinni, [ec.europa.eu/eurostat](http://ec.europa.eu/eurostat).

Rannsókninni er ætlað að ná til alls vinnumarkaðar að undanskildum atvinnugreinunum landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum (A), atvinnurekstri innan heimilis, þjónustustarfsemi og framleiðslu á ýmis konar vöru á heimilum til eigin nota (T) og starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt (U). Að þessu sinni skilaði Ísland

gögnum í 14<sup>1</sup> af 18 atvinnugreinum sem rannsókninni er ætlað að ná til og voru gögn fengin úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Hagtölur um launakostnað á Íslandi, í þessum hagtíðindum og á vef Hagstofu Íslands<sup>2</sup>, eru byggðar á þessum atvinnugreinum en birt er niðurbrot fyrir 12 þeirra<sup>3</sup>. Yfirlit yfir allar atvinnugreinar má finna í töflu 7 á blaðsíðu 16.

## Launakostnaður<sup>4</sup> á Íslandi árið 2012

*Hlutfall annars launakostnaðar hefur aukist frá árinu 2008*

Hlutfallsleg skipting á milli launa og annars launakostnaðar hefur breyst nokkuð frá síðustu rannsókn árið 2008. Eins og sést í töflu 1 hefur hlutfall annars launakostnaðar aukist í öllum atvinnugreinum milli árána 2008 og 2012. Ástæðuna má meðal annars rekja til hækkads tryggingagjalds sem var 5,34% árið 2008 en 7,79% árið 2012.

*Hlutfall annars launakostnaðar var hæst í heilbrigðis- og félagsþjónustu*

Árið 2012 var hlutfall launa af launakostnaði að meðaltali 79,8% í þeim atvinnugreinum sem rannsóknin náði til. Hlutfall annars launakostnaðar var þannig 20,2%. Til annars launakostnaðar teljast greiðslur í lífeyris- og séreignasjóði, tryggingagjald, sjúkra- og orlofsheimilassjóðsgjald, veikindalaun auk annarra launatengdra gjalda.

Nokkur munur var á hlutfallslegri skiptingu launa og annars launakostnaðar eftir atvinnugreinum árið 2012. Þannig var hlutfall annars launakostnaðar hæst í heilbrigðis- og félagsþjónustu eða 22,3%. Það skýrist meðal annars af háu mótframlagi launagreiðenda í lífeyrissjóð og háu hlutfalli veikindafjarvista en veikindafjarvistir, sem hlutfall af launakostnaði, voru mestar í þeirri atvinnugrein.

Hlutfall annars launakostnaðar en launa var lægst í byggingarstarfsemi árið 2012 eða 17,5% en í þeirri atvinnugrein var minna um veikindi en í flestum öðrum atvinnugreinum. Þá var hlutfallið 18,3% í heildverslun og smásölu, en hlutfall launamanna sem fékk mótframlag í séreignasjóð var lægra í þeirri atvinnugrein en öðrum.

Nánnar er fjallað um hlutfall launamanna sem fékk mótframlag í séreignasjóð á blaðsíðu 10 og hlutfall veikinda af greiddum stundum á blaðsíðu 7-8.

<sup>1</sup> Stuðst er við alþjóðlega atvinnugreinaflokkunina NACE, endurskoðun 2.0, sem íslenska atvinnugreinaflokkunin ÍSAT2008 byggist á. Niðurstöður fyrir Ísland byggja á eftirfarandi atvinnugreinum; framleiðsla (C), rafmagns-, gas- og hitaveitur (D), vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G), flutningar og geymsla (H), rekstur gististaða og veitingarekstur (I), upplýsingar og fjarskipti (J), fjármála- og váttryggingarstarfsemi (K), sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M), opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar (O), fræðslustarfsemi (P), heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q), menningar-, íþrótt- og tólmundastarfsemi (R).

<sup>2</sup> [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

<sup>3</sup> Ekki er birt niðurbrot fyrir atvinnugreinarnar sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M) og rekstur gististaða og veitingarekstur (I) þar sem upplýsingar í gagnasafni launarannsóknar eru ekki tæmandi fyrir þær atvinnugreinar og lagt var mat á það sem uppá vantaði. Þá er sá fyrirvari settur við atvinnugreinina upplýsingar og fjarskipti (J) að upplýsingar um smærri fyrirtæki og fyrirtæki á sviði upplýsingatækni vantar. Atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar (O), fræðslustarfsemi (P), heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q), menningar-, íþrótt- og tólmundastarfsemi (R) byggja eingöngu á úrtaki opinberra starfsmanna, þ.e. starfsmanna ríkis og sveitarfélaga.

<sup>4</sup> Skýringar á hugtökunum launakostnaður og heildarlaunakostnaður má finna á blaðsíðu 12–13.

**Tafla 1. Hlutfallsleg skipting launakostnaðar eftir atvinnugrein**

Table 1. Structure of labour costs by economic activity

Hlutfall <i>Percent</i>	Laun <i>Wages and salaries</i>		Annar launa- kostnaður en laun <i>Employers' social contributions</i>	
	2008	2012	2008	2012
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>82,0</b>	<b>79,8</b>	<b>18,0</b>	<b>20,2</b>
Framleiðsla <i>Manufacturing</i>	83,2	81,4	16,8	18,6
Rafmagns- og hitaveitur <i>Electricity and steam supply</i>	81,8	80,5	18,2	19,5
Vatnsveitur og meðhöndlun úrgangs <i>Water supply and waste management</i>	83,9	81,6	16,1	18,4
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	84,7	82,5	15,3	17,5
Heild- og smásöluverslun <i>Wholesale and retail trade</i>	83,8	81,7	16,2	18,3
Flutningur og geymsla <i>Transportation and storage</i>	81,6	79,2	18,4	20,8
Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	82,6	81,1	17,4	18,9
Fjármála- og váttryggingarstarfsemi <i>Financial and insurance activities</i>	82,0	79,2	18,0	20,8
Opinber stjórnýsla <i>Public administration</i>	81,2	78,6	18,8	21,4
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	80,8	78,8	19,2	21,2
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Human health and social work activities</i>	78,8	77,7	21,2	22,3
Menningar- og íþróttastarfsemi <i>Arts and recreation</i>	80,1	78,6	19,9	21,4


Mótframlag í lífeyris- og séreignasjóði var 9,6% af launakostnaði

Nánari hlutfallsleg skipting á launakostnaði árið 2012 er sýnd á mynd 1. Þar sést að hlutfall launa án eingreiðslna af launakostnaði var að meðaltali 67,2%. Hlutfall eingreiðslna var 2,4%, hlunninda 0,4% og orlofs- og sérstakra frídaga 9,8%.

Ef horft er til hlutfalls annars launakostnaðar en launa af launakostnaði, þá var hlutfall tryggingagjalds 7,0% af launakostnaði, mótframlag í lífeyris- og séreignasjóði 9,6%, kjarasamningsbundnar greiðslur 0,9% og veikindi- og eftirlaun 2,7%.

**Mynd 1. Hlutfallsleg skipting launakostnaðar árið 2012**

Figure 1. Structure of labour costs as percent 2012




Samanburður á hlutfallslegri skiptingu launakostnaðar á Íslandi milli árána 2008 og 2012 sýnir að helst hefur orðið breyting á hlutfalli eingreiðsla og tryggingagjalds. Eingreiðslur fóru úr 4,8% árið 2008 í 2,4% árið 2012 sem skýrist helst af lægri eingreiðslum í fjármálastarfsemi. Þá var hlutfall tryggingagjalds af launakostnaði 4,9% árið 2008 en 7,0% árið 2012. Hækkunina má rekja að mestu leyti til hækkunar á atvinnuþryggingagjaldi sem er hluti tryggingagjalds.

Hlutfallsleg skipting launa eftir atvinnugrein

Mynd 2 að neðan sýnir hlutfallslega skiptingu launa af launakostnaði eftir atvinnugrein. Þar sést að hlutfall launa án eingreiðslna var hæst í byggingarstarfsemi, 72,2% en lægst í fræðslustarfsemi, 64,5%. Tölur í mynd 2 má einnig finna í töflu 4 blaðsíðu 15.

## Mynd 2. Hlutfall launa af launakostnaði eftir atvinnugrein árið 2012

Figure 2. Structure of wages and salaries as percent of labour costs by economic activity 2012



**Skýringar** Notes: (C) Framleiðsla Manufacturing, (D) Rafmagns- og hitaveitur Electricity and steam supply, (E) Vatnsveitur og meðhöndlun úrgangs Water supply and waste management, (F) Byggingarstarfsemi Construction, (G) Heild- og smásöluverslun Wholesale and retail trade, (H) Flutningar og geymsla Transportation and storage, (J) Upplýsingar og fjarskipti Information and communication, (K) Fjármálastarfsemi Financial activities, (O) Opinber stjórnarsýsla Public administration; compulsory social security, (P) Fræðslustarfsemi Education, (Q) Heilbrigðis- og félagsþjónusta Human health and social work, (R) Menningar- og tólmundastarfsemi Art and recreation.

Hlutfall eingreiðslna hæst í framleiðslu

Hlutfall eingreiðslna af launakostnaði var lægst í byggingarstarfsemi árið 2012, eða 0,9%, en hæst í framleiðslu eða 3,5%. Árið 2012 var hlutfall eingreiðslna af launakostnaði svipað og árið 2008 í öllum greinum nema fjármálastarfsemi. Þar var hlutfallið 2,6% árið 2012 en 22,8% árið 2008. Eingreiðslur eru þær greiðslur sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili svo sem orlofs- og desemberuppbót og frammistöðutengdar greiðslur.

Hlunnindi lítill hluti af launakostnaði

Hlunnindi voru almennt lítill hluti af launakostnaði í öllum atvinnugreinum. Hlutfall hlunninda var lægst 0,02% í fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu og menningar- og tólmundastarfsemi. Í verslun og viðgerðarþjónustu var hlutfallið hæst eða 1,1%. Hafa ber í huga að hæsta hlutfall hlunninda í atvinnugrein þarf ekki að endurspeglar hæstu greiðslur í krónum. Launakostnaður sem flokkast sem hlunnindi eru til dæmis kaupréttarsamningar, bifreiða-, síma- og fæðishlunnindi. Kostnaður vegna hlunninda getur verið vanmetin í rannsókninni í þeim tilfellum þegar hann er ekki skráður í launabókhald atvinnurekenda.

### Flestir orlofsdagar í samgöngum

Hlutfall kostnaðar vegna orlofs- og sérstakra frídaga af launakostnaði var á bilinu 7,9% til 11,1%. Lægst var hlutfallið í atvinnugreininni vatns- og fráveitur en hæst í fræðslu- og fjármálastarfsemi. Kostnaður við orlofsdaga er metinn út frá orlofsréttindum hvers launamanns hjá launagreiðanda á árinu. Samkvæmt lögum<sup>1</sup> um lágmarksorlofsrétt launamanna skal orlof vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári, samtals 24 virkir dagar á ári eða sem svarar til 10,17% af launum. Í kjarasamningum eru víða ákvæði um meiri orlofsrétt en orlofslög kveða á um. Í flestum kjarasamningum fjölga orlofsdögum ýmist með hækkandi starfsaldri eða lífaldri.

Í gagnasafninu var miðgildi orlofsréttinda 13,04% árið 2012 sem gera 30 virka daga en tíðasta gildið var 11,59% eða 27 virkir dagar. Sérstakir frídagar eru helgidagar sem ætíð lenda á virkum dögum eins og hvítasunna, uppstigningadagur og frídagur verslunarmanna auk annarra helgidaga svo sem jóla, áramót, páskar, 1. maí og 17. júní sem ýmist lenda á virkum dögum eða helgi. Árið 2012 voru sérstakir frídagar 11 dagar.


### Hlutfallsleg skipting annars launakostnaðar eftir atvinnugrein

Mynd 3 sýnir hlutfallslega skiptingu annars launakostnaðar af launakostnaði eftir atvinnugrein. Tölur í mynd 3 má einnig finna í töflu 5 á blaðsíðu 15.

Tryggingagjald var 7,79% af heildarlaunum árið 2012. Stofn til tryggingagjalds eru allar tegundir launa, þóknana auk mótframlags í lífeyrissjóð. Árið 2012 var algengasta mótframlag launagreiðenda í samtryggingarlífeyrissjóð 8% á almennum vinnu- markaði en 11,5% í opinbera geiranum. Mótframlag í lífeyrissjóð er samtala mótframlags launagreiðenda í lífeyris- og séreignasjóði. Algengast er að stofn til mótframlags í lífeyrissjóð séu allar tegundir launa og þóknana að undanskyldum hlunnindum og aksturgreiðslum.

### Mynd 3. Hlutfall annars launakostnaðar en launa eftir atvinnugrein árið 2012

Figure 3. Structure of employers' social contributions as percent of labour costs by economic activity 2012



**Skýringar** Notes: Heiti atvinnugreina, sjá mynd 2. Economic activity, see figure 2.

<sup>1</sup> Sjá lög nr. 30/1987.

<i>Hlutfall greiðslna í lífeyris- og séreignasjóði hæst í fjármálastarfsemi</i>	Eins og sést í mynd 3 var mótframlag launagreiðenda í lífeyris- og séreignasjóði hæst í fjármálastarfsemi, 10,9%. Lægst var hlutfallið í heild- og smásöluverslun eða 7,9%. Nánar er fjallað um mótframlag launagreiðenda í séreignasjóði á blaðsíðu 10.
<i>Kjarasamningsbundnar greiðslur</i>	Hlutfall kjarasamningsbundinna greiðslna af launakostnaði var á bilinu 0,5% til 1,2%, lægst í fjármálastarfsemi en hæst í atvinnugreininni flutningar og geymsla. Í flestum kjarasamningum er kveðið á um greiðslur launagreiðenda í sjúkra- og orlofsheimilasjóði. Í gagnasafninu var algengast að greitt væri 1% af launum í sjúkrasjóð hjá starfsmönnum á almennum vinnumarkaði en 0,55% hjá starfsmönnum hins opinbera. Orlofsheimilasjóðsgjaldið var 0,25% af launum hjá flestum. Annar launakostnaður sem tilheyrir breytunni kjarasamningsbundnar greiðslur, og launagreiðendum ber að standa skil á, eru starfsendurhæfingarsjóður 0,13% og ýmsir starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóðir.
<i>Hlutfall veikinda- og eftirlauna af launakostnaði lægst í rafmagns- og hitaveitum</i>	Hlutfall kostnaðar vegna veikinda- og eftirlauna var hæst í heilbrigðis- og félagsþjónustu 3,5% en lægst í rafmagns-, gas og hitaveitum, 1,1%. Í rannsókninni er kostnaður vegna veikinda- og eftirlauna dreginn saman í einn lið. Hins vegar standa veikindi að stærstum hluta undir þessum lið þar sem á Íslandi eru eftirlaun óverulegur hluti launakostnaðar, enda tíðkast almennt ekki að launagreiðendur greiði eftirlaun til fyrrverandi starfsmanna eða maka. Nánari umfjöllun um hlutfall fjarvista vegna veikinda af greiddum stundum má finna í töflu 3 á blaðsíðu 8.

## Vinnustundir og launakostnaður á vinnustund

*Greiddar og unnar stundir*

Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, gerir bæði grein fyrir unnum og greiddum stundum en í gagnasafni launarannsóknar Hagstofu Íslands, sem niðurstöðurnar byggjast á, er hins vegar einungis safnað greiddum stundum. Því var lagt mat á unnar stundir út frá upplýsingum um töku orlofs, fjarvistir vegna veikinda og fjölda sérstakra frídaga. Í einhverjum tilvikum geta vinnustundir verið vanmetnar, til dæmis þegar launamenn eru með fastlaunasamninga en slíkir samningar fela í sér að ekki er greitt sérstaklega fyrir tilfallandi yfirvinnu.

*Fyrir hverja unna vinnustund var greitt fyrir 1,24 vinnustundir*

Í töflu 2 má sjá hlutfall á milli meðalfjölda greiddra og unninna stunda eftir atvinnugrein árið 2012. Þar sést að fyrir hverja unna vinnustund var greitt að meðaltali fyrir 1,24 stundir í þeim atvinnugreinum sem rannsóknin náði til.

### Tafla 2. Hlutfall á milli greiddra og unninna stunda eftir atvinnugrein 2012

Table 2. Ratio between paid hours and hours actually worked by economic activity 2012

Hlutfall	Ratio
<b>Alls Total</b>	<b>1,24</b>
Framleiðsla <i>Manufacturing</i>	1,23
Rafmagns- og hitaveitur <i>Electricity and steam supply</i>	1,22
Vatnsveitur og meðhöndlun úrgangs <i>Water supply and waste management</i>	1,23
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	1,22
Heild- og smásöluverslun <i>Wholesale and retail trade</i>	1,22
Flutningur og geymsla <i>Transportation and storage</i>	1,25
Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	1,23
Fjármála- og váttryggingastarfsemi <i>Financial and insurance activities</i>	1,23
Opinber stjórnsýsla <i>Public administration</i>	1,26
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	1,25
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Human health and social work activities</i>	1,27
Menningar- og íþróttastarfsemi <i>Arts and recreation</i>	1,25

Hlutfall á milli greiddra og unninna vinnustunda var lægst í byggingarstarfsemi, verslun og rafmagns- og hitaveitum. Í þeim atvinnugreinum voru greiddar 1,22 stundir fyrir hverja unna stund. Hins vegar voru greiddar 1,27 stundir fyrir hverja unna stund að meðaltali í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Munurinn liggur fyrst og fremst í mismunandi orlofsréttindum starfsmanna og fjarvistum vegna veikinda.

*Hlutfall veikinda af greiddum stundum var 4,6%*

Fjarvistir vegna veikinda voru að meðaltali 4,6% af greiddum stundum árið 2012. Í launarannsókn Hagstofu Íslands, sem gagnasafnið byggir á, er safnað upplýsingum um greiddar stundir vegna veikinda og slysa frá hluta launagreiðenda í rannsókninni. Þessar upplýsingar eru notaðar til að áætla veikinda- og slyshlutfall í þeim atvinnugreinum sem rannsókn á launakostnaði á Íslandi nær til.

**Tafla 3. Niðurbrot greiddra stunda eftir atvinnugrein árið 2012**

Table 3. Structure of paid hours by economic activity 2012

Hlutfall Percent	Greiddar stundir <i>Paid hours</i>	Fjarvistir v. sérstakir frídagar <i>Absence public leave</i>	Fjarvistir v. orlofs <i>Absence leave</i>	Fjarvistir v. veikinda <i>Absence sick leave</i>	Unnar stundir <i>Hours actually worked</i>
<b>Alls Total</b>	<b>100</b>	<b>4,2</b>	<b>10,7</b>	<b>4,6</b>	<b>80,5</b>
C	100	4,2	10,1	4,3	81,4
D	100	4,2	11,9	2,0	81,9
E	100	4,2	10,3	4,0	81,5
F	100	4,2	11,0	2,7	82,1
G	100	4,2	10,4	3,5	81,9
H	100	4,2	11,4	4,6	79,8
J	100	4,2	10,7	3,8	81,3
K	100	4,2	10,9	3,3	81,6
O	100	4,2	11,4	5,1	79,3
P	100	4,2	11,3	4,5	80,0
Q	100	4,2	10,9	6,1	78,8
R	100	4,2	11,2	4,7	79,9


Skýringar Notes: Heiti atvinnugreina, sjá mynd 2. Economic activity, see figure 2.

Launakostnaður á greidda stund  
um 3.020 krónur

Launakostnaður á greidda stund er samtala launa og annars launakostnaðar deilt með greiddum stundum. Launakostnaður á greidda stund var að meðaltali um 3.020 krónur árið 2012 sem er hækkun um 17,5% frá árinu 2008. Mynd 4 sýnir samanburð á launakostnaði á greidda stund eftir atvinnugreinum. Þar sést að kostnaðurinn var lægstur í menningar-, íþrótt- og tólmundastarfsemi, um 2.320 krónur, en hæstur í fjármálastarfsemi, um 4.670 krónur á greidda stund. Tölur í mynd 4 má einnig finna í töflu 6 á blaðsíðu 16.

**Mynd 4. Launakostnaður á greidda stund eftir atvinnugrein**

Figure 4. Labour cost per paid hour by economic activity



Skýringar Notes: Heiti atvinnugreina, sjá mynd 2. Economic activity, see figure 2.



Ef horft er til heildarlaunakostnaðar, sem samanstendur af launakostnaði og öðrum starfstengdum sköttum, þá var heildarlaunakostnaður alls á greidda stund 3.040 krónur og heildarlaunakostnaður í fjármálastarfsemi 4.890 krónur<sup>1</sup>.

### Starfstengdir skattar

*Starfstengdir skattar eru óverulegir nema í fjármálaþjónustu*

Í rannsókn á launakostnaði eru starfstengdir skattar hluti af heildarlaunakostnaði. Þá er hvorki átt við tekjuskatt né virðisaukaskatt heldur alla skatta sem byggjast á greiddum launum eða á ráðningum. Skilgreining breytunnar nær einnig yfir refsiskatta, sem vinnuveitendur í sumum Evrópulöndum verða að greiða ef þeir ráða of fáa fatlaða einstaklinga, og svipaða skatta eða gjöld.

Starfstengdir skattar á Íslandi eru óverulegur hluti af heildarlaunakostnaði í öllum atvinnugreinum nema fjármálastarfsemi. Í þeirri atvinnugrein greiða ákveðnir launagreiðendur fjársýsluskatt<sup>2</sup> af öllum launum starfsmanna. Árið 2012 var hlutfall fjársýsluskatts 5,45% af launum og þóknunum og tekjur ríkissjóðs af fjársýsluskatti rúmir 2,2 milljarðar króna.

Tryggingagjaldi er skipt upp í félagslegar greiðslur sem eru hluti af öðrum launakostnaði en launum og í starfstengda skatta. Skattahluti tryggingagjalds árið 2012 voru markaðsgjald 0,05% og framlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða 0,325%.

<sup>1</sup> Skýringar á hugtökunum launakostnaður og heildarlaunakostnaður má finna í aftar í heftinu á blaðsíðu 12–13.

<sup>2</sup> Sjá lög nr. 165/2011.

## Mótframlag launagreiðenda í séreignasjóði

Mótframlag launagreiðenda í lífeyris- og séreignasjóði


Samkvæmt lögum<sup>1</sup> eiga allir starfandi einstaklingar á aldrinum 16 til 70 ára að greiða í samtryggingarlífeyrissjóð. Að auki geta launamenn greitt í séreignasjóði. Ef þeir greiða að lágmarki 2% af launum sínum í viðbótarlífeyrissparnað fá þeir mótframlag í sinn séreignasjóð frá launagreiðanda. Slíkt mótframlag er 2% samkvæmt flestum kjarasamningum. Þó er mótframlag launagreiðenda starfsmanna í fjármála-fyrirtækjum frábrugðið að því leyti að mótframlag í samtryggingarlífeyrissjóð er 6% en mótframlag í séreignasjóð starfsmanna með minni en þriggja ára starfsreynslu er 2% og 7% fyrir þá sem hafa lengri starfsreynslu.

Meira en helmingur launamanna fékk greitt í séreignasjóði árið 2012

Árið 2012 fékk rúmlega helmingur launamanna greiðslur í séreignasjóði frá launagreiðanda, eða um 57,9%. Á mynd 5 má sjá að í fjármálastarfsemi voru flestir launamenn með viðbótarlífeyrissparnað eða 90,3%, en eins og áður sagði eru ákvæði í kjarasamningi starfsmanna fjármálafyrirtækja um greiðslur í séreignasjóði frábrugðin ákvæðum annarra launamanna.

### Mynd 5. Hlutfall launamanna sem fá mótframlag í séreignasjóð eftir atvinnugrein árið 2012

Figure 5. Percentage of employees who get payments in private pension savings 2012



**Skýringar** Notes: Heiti atvinnugreina, sjá mynd 2. Economic activity, see figure 2.

Fleiri launamenn fá greitt í séreignasjóð árið 2012 en 2008

Greiðslur í séreignasjóði hafa aukist milli árána 2008 og 2012. Árið 2008<sup>2</sup> fengu um 50% launamanna mótframlag í séreignasjóð en árið 2012 var hlutfallið 60%. Mestur var munurinn í fjármálastarfsemi þar sem rúmlega 70% fengu greitt í séreignasjóð árið 2008 en um 90% árið 2012. Hafa þeir í huga að niðurstöður ársins 2008 byggja á atvinnugreinaflokkun ÍSAT95 en tölur fyrir árið 2012 byggja á ÍSAT2008. Þá hafa bæst við atvinnugreinar milli rannsókna og því eru niðurstöður ekki að fullu sambærilegar. Í þeim atvinnugreinum sem hafa lítið breyst á milli flokkunarkerfa, eins og fjármálastarfsemi, framleiðsla, verslun, byggingarstarfsemi, opinber stjórnarsýsla og fræðslustarfsemi, var hlutfallslegur fjöldi launamanna sem fá greitt í séreignasjóð á bilinu hærri árið 2012 sem nemur 5-20%. Hins vegar var hlutfall launamanna sem fá greitt í séreignasjóð svipað í verslun.

<sup>1</sup> Sjá lög nr. 129/1997.

<sup>2</sup> Sjá hagtíðindi um [launakostnað 2008](#) á vef Hagstofu Íslands.

## Um rannsókn á launakostnaði

### Markmið rannsóknarinnar

Rannsókn á launakostnaði (e. Labour Cost Survey, LCS) er samstarfsverkefni á vegum hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1737/2005.<sup>1</sup> Megintilgangur með framkvæmd rannsóknarinnar er að safna samræmdum upplýsingum um launakostnað hjá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Rannsókninni er ætlað að veita samanburðarhæfar upplýsingar um heildarlaunakostnað og samsetningu hans í einstökum atvinnugreinum. Jafnframt er safnað upplýsingum um fjölda starfsmanna og vinnutíma.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í heild sinni á vef Eurostat, [ec.europa.eu/eurostat](http://ec.europa.eu/eurostat), en valdar niðurstöður um launakostnað á Íslandi eru birtar á vef Hagstofu Íslands, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

### Umfang rannsóknarinnar

Rannsókninni er ætlað að ná til vinnumarkaðar í heild sinni að undanskildum atvinnugreinunum landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar (A), atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og framleiðsla á ýmis konar vöru á heimilum til eigin nota (T) og starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt (U). Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar eftir atvinnugreinum í samræmi við atvinnugreinaflokkun NACE Rev. 2.<sup>2</sup> Viðmiðunartímabil rannsóknarinnar er árið 2012. Gagnasöfnun lýkur einu og hálfu ári eftir að viðmiðunartímabili lýkur.

### Íslensku gögnin

Upplýsingar um launakostnað íslenskra fyrirtækja, stofnana og sveitafélaga eru fengnar úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Rannsóknin er byggð á úrtaki fyrirtækja og sveitarfélaga með tíu eða fleiri starfsmenn. Þá nær launarannsóknin til allra starfsmanna ríkisins sem starfa hjá stofnunum með tíu eða fleiri starfsmenn að meðaltali á ársgrundvelli.

Launaupplýsingar eru fengnar um alla starfsmenn og er gagna aflað mánaðarlega rafrænt frá launagreiðendum í úrtaki. Þau atriði sem safnað er í launarannsókninni eru þegar til staðar í launahugbúnaði launagreiðenda. Safnað er ítarlegum upplýsingum um laun, launakostnað, greiddar stundir og ýmsa bakgrunnspætti starfsmanna og launagreiðenda. Við framkvæmd rannsóknarinnar er tekið mið af þeim kröfum sem gerðar eru til launarannsóknna í reglugerðum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Að þessu sinni skilaði Ísland gögnum fyrir 14 af 18 atvinnugreinum sem rannsókninni nær til, það er framleiðsla (C), rafmagns-, gas- og hitaveitur (D), vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G), flutningar og geymsla (H), rekstur gististaða og veitingarekstur (I), upplýsingar og fjarskipti (J), fjármála- og váttryggingastarfsemi (K), sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M), opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar (O), fræðslustarfsemi (P), heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q), menningar-, íþrótt- og tólmundastarfsemi (R). Launasummur þeirra atvinnugreina sem Ísland skilar standa fyrir tæp 90% af launakostnaði þeirra atvinnugreina sem rannsóknin er ætlað að ná til.

Ekki er birt niðurbrot fyrir atvinnugreinarnar sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M) og rekstur gististaða og veitingarekstur (I) þar sem upplýsingar í gagnasafni launarannsóknar er ekki tæmandi fyrir þær atvinnugreinar og var lagt mat

<sup>1</sup> <http://www.utanrikisraduneyti.is/skjalasafn/32005R1737.pdf>

<sup>2</sup> Íslenska atvinnugreinaflokkunarkerfið ÍSAT2008 byggir á NACE Rev. 2.

á það sem uppá vantaði. Þá er sá fyrirvari settur við atvinnugreinina upplýsingar og fjarskipti (J) að upplýsingar um smærri fyrirtæki og fyrirtæki á sviði upplýsingatækni vantar. Atvinnugreinarnar opinber stjórnýssla og varnarmál; almannatryggingar (O), fræðslustarfsemi (P), heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q), menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi (R) byggja eingöngu á úrtaki opinberra starfsmanna, þ.e. starfsmanna ríkis og sveitarfélaga.

*Túlkun* Heildarlaunakostnaður í rannsókn Eurostat er skilgreindur sem allur sá kostnaður sem atvinnurekandi ber vegna vinnu starfsmanns, hvort sem um er að ræða beinar eða óbeinar launagreiðslur eða vegna annarra þátta, svo sem vegna tungumálakennslu eða kostnaðar vegna nýráðninga, að frádregnum styrkjum til atvinnurekanda.

Í þessu hefti er aðalega verið að fjalla um launakostnað sem inniheldur laun og launatengd gjöld þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um þjálfunar- og ráðningakostnað, atvinnubótastyrkji og ábyrgðar- eða starfsábyrgðartryggingu atvinnurekenda. Því getur launakostnaður verið vanmetinn í einhverjum tilfellum.

Launakostnaði á Íslandi er skipt í þrjá þætti; laun, annan launakostnað og starfstengda skatta. Til launa teljast grunndagvinnulaun, álagsgreiðslur, kostnaðargreiðslur, bónusgreiðslur, ákvæðisgreiðslur, vaktaálag, yfirvinnulaun, óreglulegar greiðslur, nefndarlaun, hlunnindi, önnur laun, vísindasjóður og orlofsgreiðslur. Til annars launakostnaðar teljast greiðslur í lífeyrissjóð, tryggingagjald, sjúkra- og orlofsheimilassjóðsgjald, veikindalaun auk annarra launatengdra gjalda.

## Skýringar

**Heildarlaunakostnaður** er samtala launakostnaðar, kostnaðar vegna starfsmenntunar, kostnaðar vegna nýráðninga og vinnufatnaðar og starfstengdra skatta að frádregnum styrkjum sem vinnuveitandi fær. Launakostnaður vegna nema er ekki talinn með.

Öll umfjöllun um hlutfallslega skiptingu á launakostnaði í heftinu og á vef Hagstofunnar miðast ekki við heildarlaunakostnað heldur einugnis við samtölu launa og annars launakostnaðar en launa. Starfstengdir skattar á Íslandi eru óverulegur hluti af heildarlaunakostnaði í öllum atvinnugreinum nema fjármálastarfsemi og ekki liggja fyrir upplýsingar um þjálfunar- og ráðningakostnað, atvinnubótastyrkji og ábyrgðar- eða starfsábyrgðartryggingu atvinnurekenda. Því getur launakostnaður verið vanmetinn í einhverjum tilfellum.

**Launakostnaður** er samtala launa og annars launakostnaðar en launa.

**Laun** eru samtala grunndagvinnulauna, álagsgreiðslna, kostnaðargreiðslna, bónusgreiðslna, ákvæðisgreiðslna, vaktaálags, yfirvinnulauna, eingreiðslna, nefndarlauna, hlunninda, annarra launa, orlofsgreiðslna og vísindasjóðs.

**Annar launakostnaður en laun** er samtala lífeyrissjóðsgjalds, tryggingagjalds, sjúkrasjóðsgjalds, orlofsheimilassjóðsgjalds, starfsendurhæfingarsjóðs, annarra launatengdra gjalda, veikindalauna og eftirlauna.

**Greiddar stundir** eru samtala dag-, vakta- og yfirvinnu.

**Unnar stundir** eru metnar út frá greiddum stundum og er tekið tillit til upplýsinga um töku orlofs, fjarvista vegna veikinda og fjölda sérstakra frídaga.

**Laun án eingreiðslna** eru samtala grunnvinnulauna, álags-, kostnaðar- og bónusgreiðslna sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili, ákvæðisgreiðslna, vaktaálags, yfirvinnulauna, nefndarlauna, annarra launa og vísindasjóðs.

**Eingreiðslur** eru samtala greiðslna sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili, svo sem orlofs- og desemberuppbot, 13. mánuður og frammistöðutengdar greiðslur.

**Hlunnindi** eru samtala kaupréttarsamninga, bifreiða-, síma-, fæðis- og annarra hlunninda.

**Orlof og sérstakir frídagar** eru frídagar sem eru greiddir en ekki unnir. Greiðslur vegna orlofs eru metnar út frá orlofsréttindum hvers launamanns hjá launagreiðanda á árinu. Sérstakir frídagar voru 11 árið 2012. Þeir geta verið nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, annar í hvítasunnu, 17. júní, frídagur verslunarmanna, aðfangadagur, jóladagur, annar í jólum og gamlársdagur.

**Mótframlag í lífeyris- og séreignasjóði** er lögbundið mótframlag launagreiðanda í samtryggingarsjóð og kjarasamningsbundin mótframlög í séreignasjóð. Stofn til mótframlags í lífeyrissjóð séu allar tegundir launa og þóknanna að undanskyldum hlunnindum og aksturgreiðslum.

**Tryggingagjald** er sérstakt gjald sem launagreiðendum ber að greiða af heildarlaunum launamanna sinna. Stofn til tryggingagjalds eru allar tegundir launa, þóknana auk mótframlag í lífeyris- og séreignasjóði.

**Greiðslur vegna kjarasamninga** er samtala sjúkrasjóðs, orlofsheimilásjóðs, starfsendurhæfingarsjóðs og annarra sjóða í vörslu stéttafélaga sem ekki falla undir aðra liði.

**Veikinda- og eftirlaun** eru samtala veikinda og eftirlauna. Á Íslandi eru eftirlaun óverulegur hluti launakostnaðar enda tíðkast almennt ekki að launagreiðendur greiði eftirlaun til fyrrverandi starfsmanna.

**Starfstengdir skattar** er skattahluti tryggingagjalds auk **fjársýsluskatts**. Í umfjöllun hlutfallslega skiptingu launakostnaðar á Íslandi er ekki tekið tillit til fjársýsluskatta.

### **English summary**

This issue presents results from the Labour Cost in Iceland for the year 2012. In the year 2012 wages and salaries accounted for 79.8% of the total labour cost. Non-wage labour cost was therefore 20.2%. The largest component in non-wage labour cost was employers' mandatory contribution to pension and private pension savings, 9.6% of total labour cost.

The composition of labour costs in Iceland changed between the years 2012 and 2008 as the proportion of non-wage costs of labour costs has grown more than the proportion of wages and salaries. Most of the change is explained by an increase of the payroll tax and a decrease in direct remuneration not paid in each pay period. In 2008 the proportion of direct remuneration not paid in each pay period was 4.8% but in 2012 it was 2.4%. The reason is a significant change in the economic activity of Financial and insurance.

In 2012, the proportion of non-wage labour costs was highest in the economic activity of Human health and social work, 22.3% and lowest in Construction, 17.5%. The difference is explained by different cost levels due to sick leave and pension fund social- security contributions.

**Tafla 4. Hlutfall launa af launakostnaði eftir atvinnugrein árið 2012**

Table 4. Structure of wages and salaries as percent of total labour costs by economic activity 2012

Hlutfall Percent	Heildarlaun án eingreiðslna <i>Direct remuneration paid in each pay period</i>	Eingreiðslur <i>Direct remuneration not paid in each pay period</i>	Hlunnindi <i>Payments in kind</i>	Orlof og sérstakir frídagar <i>Payments for days not worked</i>	Laun <i>Wages and salaries</i>
<b>Alls Total</b>	<b>67,2</b>	<b>2,4</b>	<b>0,4</b>	<b>9,8</b>	<b>79,8</b>
Framleiðsla <i>Manufacturing</i>	68,4	3,5	0,6	8,9	81,4
Rafmagns- og hitaveitur <i>Electricity and steam supply</i>	69,1	2,2	0,6	8,6	80,5
Vatnsveitur og meðhöndlun úrgangs <i>Water supply and waste management</i>	71,1	1,6	1,0	7,9	81,6
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	72,2	0,9	0,7	8,7	82,5
Heild- og smásöluverslun <i>Wholesale and retail trade</i>	68,6	2,2	1,1	9,8	81,7
Flutningur og geymsla <i>Transportation and storage</i>	66,1	3,1	0,5	9,5	79,2
Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	70,0	1,4	0,5	9,2	81,1
Fjármála- og váttryggingastarfsemi <i>Financial and insurance activities</i>	64,8	2,6	0,7	11,1	79,2
Opinber stjórnarsýsla <i>Public administration</i>	66,9	2,0	0,1	9,6	78,6
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	64,5	3,2	0,02	11,1	78,8
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Human health and social work activities</i>	67,0	1,4	0,02	9,3	77,7
Menningar- og íþróttastarfsemi <i>Arts and recreation</i>	66,7	2,1	0,02	9,8	78,6

**Tafla 5. Hlutfall annars launakostnaðar en launa af launakostnaði eftir atvinnugrein árið 2012**

Table 5. Structure of employers' social contributions as percent of total labour costs by economic activity 2012

Hlutfall Percent	Tryggingagjald <i>Statutory social security contributions</i>	Framlag í lífeyris- og séreignasjóði <i>Contributions to pension schemes</i>	Framlag kjarasamningsbundinna gjalda <i>Collectively agreed social security contributions</i>	Kostnaður v/veikinda og eftirlauna <i>Employers' imputed social contributions</i>	Annar launakostn. en laun <i>Employers' social contributions</i>
<b>Alls Total</b>	<b>7,0</b>	<b>9,6</b>	<b>0,9</b>	<b>2,7</b>	<b>20,2</b>
Framleiðsla <i>Manufacturing</i>	7,0	8,1	1,1	2,4	18,6
Rafmagns- og hitaveitur <i>Electricity and steam supply</i>	7,1	10,5	0,8	1,1	19,5
Vatnsveitur og meðhöndlun úrgangs <i>Water supply and waste management</i>	6,9	8,4	1,0	2,1	18,4
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	7,0	8,0	1,0	1,5	17,5
Heild- og smásöluverslun <i>Wholesale and retail trade</i>	7,0	7,9	1,1	2,3	18,3
Flutningur og geymsla <i>Transportation and storage</i>	7,2	9,7	1,2	2,7	20,8
Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	6,9	8,7	1,0	2,3	18,9
Fjármála- og váttryggingastarfsemi <i>Financial and insurance activities</i>	6,9	10,9	0,5	2,5	20,8
Opinber stjórnarsýsla <i>Public administration</i>	7,0	10,4	0,8	3,2	21,4
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	6,8	10,5	0,8	3,1	21,2
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Human health and social work activities</i>	7,2	10,7	0,9	3,5	22,3
Menningar- og íþróttastarfsemi <i>Arts and recreation</i>	7,2	10,3	1,0	2,9	21,4

**Tafla 6. Heildarlaunakostnaður á greidda stund eftir atvinnugrein árið 2012**

Table 6. Total labour cost per paid hour by economic activity 2012

Krónur ISK	2008	2012
<b>Alls Total</b>	<b>2.570</b>	<b>3.020</b>
Framleiðsla <i>Manufacturing</i>	2.280	3.000
Rafmagns- og hitaveitur <i>Electricity and steam supply</i>	3.050	4.070
Vatnsveitur og meðhöndlun úrgangs <i>Water supply and waste management</i>	2.250	2.740
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	2.570	3.260
Heild- og smásöluverslun <i>Wholesale and retail trade</i>	2.190	2.760
Flutningur og geymsla <i>Transportation and storage</i>	2.380	3.170
Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	2.890	3.560
Fjármála- og váttryggingastarfsemi <i>Financial and insurance activities</i>	5.050	4.670
Opinber stjórnsýsla <i>Public administration</i>	2.850	3.530
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	2.140	2.640
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Human health and social work activities</i>	2.190	2.770
Menningar- og íþróttastarfsemi <i>Arts and recreation</i>	1.850	2.320

**Tafla 7. Atvinnugreinar**

Table 7. Economic activity

Bálgur	Atvinnugrein, íslenska	Atvinnugrein, enska
<i>Sections</i>	<i>Economic activity, Icelandic</i>	<i>Economic activity, English</i>
B	Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	Mining and quarrying
C	Framleiðsla	Manufacturing
D	Rafmagns-, gas- og hitaveitur	Electricity, gas, steam and air conditioning supply
E	Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	Water supply; sewerage, waste management and remediation activities
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	Construction
G	Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	Wholesale and retail trade; repair of motor vehicles and motorcycles
H	Flutningar og geymsla	Transportation and storage
I	Rekstur gististaða og veitingarekstur	Accommodation and food service activities
J	Upplýsingar og fjarskipti	Information and communication
K	Fjármála- og váttryggingastarfsemi	Financial and insurance activities
L	Fasteignaviðskipti	Real estate activities
M	Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	Professional, scientific and technical activities
N	Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	Administrative and support service activities
O	Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar	Public administration and defence; compulsory social security
P	Fræðslustarfsemi	Education
Q	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	Human health and social work activities
R	Menningar-, íþrotta- og tómsundastarfsemi	Arts, entertainment and recreation
S	Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	Other service activities









**Hagtíðindi**    **Laun, tekjur og vinnumarkaður**  
**Statistical Series**    ***Wages, income and labour market***

99. árg. • 44. tbl.

ISSN 0019-1078

2014:13 [Leiðrétt útgáfa *Corrected issue* 4. desember 2019]

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Anna Sigríður Halldórdóttir • [anna.halldorsdottir@hagstofa.is](mailto:anna.halldorsdottir@hagstofa.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi)    [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)